



Sandgerðisbær

Lækjarmót deiliskipulag

Skipulagsskilmálar

Dags. 25.05.2002

Breytt 12.5.2017
og
24.01.2018

	Skipulagsstofnun
Mótt.: Mál nr.	28. júní 2018
2017/10/11	

Guðni Pálsson arkitekt FAÍ

EFNISYFIRLIT

LÆKJAMÓT..... 3

1. Almennt.....	3
1.1. Markmið.....	3
1.2. Skipulagssvæðið	3
1.3. Landslag og veðurfar.....	3
1.4. Eignarhald á landi.....	3
1.5. Aðkoma.	3
1.6. Úthlutun lóða.....	3
1.7. Ný hús og breyting á lóðum.....	4
2.1. Hönnun mannvirkja og úttektir.....	4
2.2. Húsagerðir.....	4
2.3. Hæðarsetning.....	4
2.4. Byggingareitir húsa.....	4
2.5. Frágangur húsa, lóða og gerða.....	4
2.6. Bifreiðastæði og bifreiðageymslur.....	5
2.7. Opin svæði og leiksvæði.....	5
2.8. Stígar.....	5
3. Byggingarskilmálar.....	6
3.1. Einbýlishús.	6
3.2. Parhús A.....	6
3.3. Parhús B.....	6
3.4. Parhús C.	6
3.5. Parhús D.	6
3.6. Parhús E.....	6
3.7. Raðhús.	7
3.8. Nýtingarhlutfall.....	7
Skýringarteikning 1	8
Skýringarteikning 2	9
Skýringarteikning 3	10
Skýringarteikning 4	11
Skýringarteikning 5	12
Skýringarteikning 6	13
Skýringarteikning 7	14
Skýringarteikning 8	15

Þann 29.01.2003 og 24.1.2018 voru skilmálar lagfærðir samkvæmt ábendingu skipulagsstofnunar.

Lækjamót

1 Almennt.

1.1. Markmið.

Markmið með skipulagi þessu er eftirfarandi:

- Að ljúka uppbyggingu við Holtsgötu og Heiðarbrautar með nýrri götu Lækjarmót. Þetta er liður í uppbyggingu byggðar til austurs er tengjast mun Byggðavegi.
- Að í skipulaginu verður tekið tillit til þeirra húsa sem þegar er búið að reisa á svæðinu.
- Að reynt verði eftir fremsta megni að skapa umferðaöryggi fyrir bæði akandi og gangandi. Því eru allar götur botnlangagötur.
- Að tengja byggðina vel innbyrðis með stígum.
- Að tengja byggðina vel við opin svæði umhverfis með stígum
- Að skapa aðlaðandi og fjölbreytta byggð af rað-, par- og einbýlishúsum.

1.2. Skipulagssvæðið

Svæði það, sem deiliskipulagið nær yfir, er frá Hlíðargötu að vestan, Byggðavegi að norðan og austan og að opnu svæði að sunnan.

Svæðið skiptist í þrjá meginhluta:

- a. Lóðir fyrir íbúðarhús.
- b. Opið svæði til útiveru/leiksvæði.
- c. Núverandi byggð.

1.3. Landslag og veðurfar.

Skipulagssvæðið hallar frá austri til vesturs.

Ríkjandi vindátt í Sandgerði er norðan og norðaustanátt. Áttir eru þó breytilegar frá sumri til vetrar (eftir árstíðum).

1.4. Eignarhald á landi.

Land það sem deiliskipulagið nær yfir er í eigu Sandgerðisbæjar og einkaaðila.

1.5. Aðkoma.

Aðalaðkoma að svæðinu er frá Hlíðargötu að vestan og Byggðavegi að norðan. Byggðavegur er ný aðkoma að Sangerðisbæ að austan samkvæmt gildandi aðalskipulagi.

1.6. Úthlutun lóða.

Fyrirhugað er að úthluta lóðunum til einstaklinga og/eða framkvæmdaaðila.

1.7. Ný hús og breyting á lóðum.

Breyting á skipulaginu gerir ráð fyrir 21 einbýlishúsum með einni íbúð í hverju húsi, það er 21 íbúð. Einnig er gert ráð fyrir 17 parhúsum með 34 íbúðum og 1 raðhúsi með 4 íbúðum og 5 íbúðir fyrir fyrir hreyfihamaðaða eða í allt 64 íbúðum.
Einbýlishúsalóð nr. stækkar um 280 m². Hús við Holtsgötu 13 sem er með í gildandi skilmálum fellur út og telst ekki lengur með sem hluti skipulagsins

2.1. Hönnun mannvirkja og úttektir.

Byggingarnefndarteikningar (aðalteikningar) skulu vera í samræmi við lög og reglugerðir um skipulags- og byggingarmál og aðrar reglugerðir um hönnun bygginga.

Allar framkvæmdir lóðarhafa skulu tekna út af byggingarfulltrúa sbr. byggingarreglugerð.

2.2. Húsagerðir.

Húsgerðir eru frjálsar að öðru leyti en því sem lóðar-, hæðarblöð og þessir skilmálar segja til um. Gæta ber sérstaklega að því að hús falli vel að landi. Fjöldaframleidd hús falla undir skilmála þessa. (Sjá kafla 4 í byggingarreglugerð). Ekki eru kvaðir um val á byggingarefnum, en athygli skal vakin á lágmarksfjarlægð að lóðarmörkum

2.3. Hæðarsetning.

Hæðarblöð sýna hæð götu og gangstéttar við lóðarmörk (G). Hæðartölur (H) eru leiðbeinandi fyrir aðalhæð húsa. Í vissum tilfellum geta þær verið bindnadi vegna frárennslislagna. Gólf í bifreiðageymslum má vera lægra. Á hæðarblöðum eru sýndar hæðir á frágenginni lóð á lóðarmörkum fjær götu (L) og eru þær bindandi miðað við yfirborð lóðar. Á hæðarblöðum er einnig sýnd lega vats-, og fráveitu og inntak fyrir rafmagns- og hitaveitu.

2.4. Byggingareitir húsa.

Byggingarreitir nýrra húsa eru sýndir á mæliblöðum og skulu hús standa innan þeirra.

2.5. Frágangur húsa, lóða og gerða.

Lóðarhafi sér sjálfur um framkvæmdir á lóð sinni og ber ábyrgð á að hann sé í samræmi við samþykktar teikningar og uppgefnar hæðartölur.

Samráð skulu höfð um frágang á sameiginlegum lóðarmörkum og hlíta úrskurði byggingarnefndar, verði ágreiningur þar um.

Þar sem hæðamunur er á milli aðliggjandi lóða, skal flái falla að jöfnu innan beggja lóða.

Ekki er heimilt að moka eða ryðja jarðvegi út fyrir lóðamörk án samráðs við byggingarfulltrúa.

Sandgerðisbær áskilur sér rétt til að láta ljúka þessum framkvæmdum á kostnað lóðarhafa, verði ekki staðið við skilmála þessa.

Hús ásamt bifreiðageymslu skulu vera full frágengin að utan tveimur árum eftir útgefið byggingarleyfi og lóðir þremur árum eftir dagsetningu lóðaraufsals. Sandgerðisbær áskilur sér rétt til að láta ljúka þessum framkvæmdum á kostnað lóðarhafa, verði ekki staðið við skilmála þessa.

2.6. Bifreiðastæði og bifreiðageymslur.

Á einbýlis-, par- og raðhúsalóðum er gert ráð fyrir þremur stæðum á lóð fyrir hverja íbúð, auk þess verður gert ráð fyrir gestastæðum í götu. Við einbýlishús má byggja bifreiðageymslu fyrir two bíla. Má hún annaðhvort vera samþyggð húsi eða frístandandi. Við par- og raðhús má reysa bifreiðageymslu fyrir einn bíl fyrir hverja íbúð samþyggða húsi

2.7. Opin svæði og leiksvæði.

Sunnan og norðan við skipulagssvæðið er opio svæði til og útvistar.

2.8. Stígar.

Frá Holtsgötu, Heiðarbraut og Lækjarmótum liggja stígar að opnu svæði sunnan við skipulagssvæðið. Úr botnlöngum eru stígtengsl til norðurs. Einnig eru allir botnlangarnir tengdir saman með stíg. Stígnir eru eign Sandgerðisbæjar, sem sér um byggingu og viðhald þeirra.

3. Byggingarskilmálar.**3.1. Einbýlishús.**

Einbýlishús skulu vera einnar hæðar og má gera ráð fyrir nýtanlegri þakhæð. Mænishæð allt að 6.0 m, sjá skýringarteikningu nr 1. Gera skal ráð fyrir 3 bifreiðastæðum á hverri lóð. Sjá skýringarteikningu nr. 1.
Þar sem lóðarhalli leyfir má byggja neðri hæð við hús. Annaðhvort að götu eða frá götu.
Sjá skýringarteikningu nr. 2.

3.2. Parhús A.

Parhúsin skulu vera einnar hæðar og má gera ráð fyrir möguleika á nýtanlegri þakhæð. Mænishæð allt að 6.5 m.
Leyfilegt er að byggja bifreiðageymslu áfasta húsunum fyrir 1 bíl.
Gera skal ráð fyrir þremur bifreiðastæðum við hverja íbúð.
Sjá skýringarteikningu nr. 3.

3.3. Parhús B.

Parhúsin skulu vera einnar hæðar. Mænishæð allt að 4.5 m. Ytri byggingarlína er brotin og er 2.5 m frá innri byggingarreit. Leyfilegt er að byggja 1/3 af lengd veggjar við innri byggingarreit út í ytri byggingarreit. Leyfilegt er að byggja bifreiðageymslu áfasta húsunum fyrir 1 bíl.
Gera skal ráð fyrir þremur bifreiðastæðum við hverja íbúð.
Sjá skýringarteikningu nr. 4.

3.4. Parhús C.

Parhúsin skulu vera einnar hæðar. Mænishæð allt að 4.5 m. Ytri byggingarlína er brotin og er 2.5 m frá innri byggingarreit. Leyfilegt er að byggja 1/3 af lengd veggjar við innri byggingarreit út í ytri byggingarreit. Leyfilegt er að byggja bifreiðageymslu áfasta húsunum fyrir 1 bíl við stærri íbúðina.
Gera skal ráð fyrir þremur bifreiðastæðum við hverja íbúð.
Þar sem lóðarhalli leyfir má byggja neðri hæð við hús frá götu.
Sjá skýringarteikningu nr. 5.

3.5. Parhús D.

Parhúsin skulu vera einnar hæðar og má gera ráð fyrir möguleika á nýtanlegri þakhæð. Mænishæð allt að 6.5 m. Ytri byggingarlína er brotin og er 2.5 m frá innri byggingarreit. Leyfilegt er að byggja 1/3 af lengd veggjar við innri byggingarreit út í ytri byggingarreit. Leyfilegt er að byggja bifreiðageymslu áfasta húsunum fyrir 1 bíl.
Gera skal ráð fyrir þremur bifreiðastæðum við hverja íbúð.
Sjá skýringarteikningu nr. 6.

3.6. Parhús E.

Parhúsin skulu vera einnar hæðar. Mænishæð allt að 4.5 m. Ytri byggingarlína er brotin og er 2.5 m frá innri byggingarreit. Leyfilegt er að byggja 1/3 af lengd veggjar

við innri byggingarreit út í ytri byggingarreit Leyfilegt er að byggja bifreiðageymslu áfasta húsunum fyrir 1 bíl.
Gera skal ráð fyrir þremur bifreiðastæðum við hverja íbúð.
Þar sem lóðarhalli leyfir má byggja neðri hæð við hús frá götu.
Sjá skýringarteikningu nr. 7.

3.7. Raðhús.


Raðhúsin skulu vera einnar hæðar með möguleika á nýtanlegri þakhæð. Mænishæð allt að 6.5 m.
Leyfilegt er að byggja bifreiðageymslu áfasta húsunum fyrir 1 bíl.
Gera skal ráð fyrir þremur bifreiðastæðum við hverja íbúð.
Sjá skýringarteikningu nr. 8.

3.8. Raðhús fyrir fatlaða.




Raðhúsin skulu vera einnar hæðar. Mænishæð allt að 3.3 m.
Gera skal ráð fyrir einu bifreiðastæði fyrir hreyfihamladu við hverja íbúð. Auk þess er gert ráð fyrir fjórum gestastæðum þar af eitt fyrir hreyfihamladu.
Sjá skýringarteikningu nr. 9.

3.9. Nýtingarhlutfall.


Nýtingarhlutfall samkvæmt aðalskipulagi er 0.20-0.40 fyrir einbýlishús og 0.35-0.60 fyrir rað- og parhús.

Skýringarteikning 1

..... : byggingarlinn
— : bundin lína
H : kóti adalhæðar
Þ : mesta hejd á pakl
△ : bilastædi

Skýringarteikning 2

A, hús nedan gótu



B, hús ofan gótu


..... : byggingartína

— : bundin lína



H : kóti adalheðar

Þ : mesta hæð á þaki

△ : bilastæði

Skýringarteikning 3

..... : byggingarlinna
— : bundin lína
H : kóti adalheðar
Þ : mesta hæð á þak
▽ : bílastæði

Skýringarteikning 4

..... : byggingarlinna



..... : ytri lína

— : bundin lína

H : kóti aðalheðar

> : meista hejd á þaki

: bilastaði

Skýringarteikning 5

..... : byggingarína

..... : ytríline



— : bundin lína

H : kóti adalheðar



Þ : mesta hæð á þak

△ : bílastæði

▲ : blästare
 P : mesta head à Peal
 H : hot adhesiver
 — : bundin linia
 - - - : ytt linia
 - - - : bygglinialia



Skryningarterikning 6

Skýringarteikning 7

..... : byggingarína



..... : ytríline

— : bundin lína



H : kóti adalheðar

Þ : mesta hæð á þaki

: bilasteidi

Skýringarteikning 8

..... : byggingarlinn
— : bundin lína
H : kóti adalhæðar
P : meista hæð á þaki
▽ : bilastaði

Skýringarteikning 9

— : heil byggingarlinna

H : kóti adalhædar

Þ : mesta hæð á þaki

▽ : bilastædi fyrir fatlada